



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
9. júní 2011

NIÐURSTAÐA Í ÚTBOÐI ÓVERÐTRYGGÐA RÍKISBRÉFA RIKB 16 1013

Útboð á óverðtryggðum ríkisbréfum, RIKB 16 1013 fór fram hjá Lánamálum ríkisins kl. 11:00 í dag. Útboðinu var þannig háttað að öll samþykkt tilboð buðust á sama verði. Lægsta samþykktta verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ákvarðaði söluverðið.

Helstu niðurstöður útboðsins voru þessar:

RIKB 16 1013:

Alls bárust 13 gild tilboð í flokkinn að fjárhæð 10.400 m.kr. að nafnverði. Eitt tilboð var tekið fyrir 2.000 m.kr. að nafnverði á söluverðinu 98,400 (6,35% ávöxtunarkröfu).

Ennfremur býðst aðalmiðlurum að kaupa 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 14. júní. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er 15. júní 2011.

Þar sem markmiðum í útgáfumálum ríkissjóðs fyrir annan ársfjórðung hefur verið náð, verður hætt við útboð ríkisbréfa sem fyrirhugað var að halda þann 24. júní.